

Minnisblað skólamálanefndar SSH

Maí 2026

Starfsumhverfi í grunnskólum – „Álag í skólastarfi? Ástæður og úrbætur“, skýrsla Ingvars Sigurgeirssonar og Lilju M. Jónsdóttur.

Tillögur skólamálanefndar SSH um forgangsörðun tillagna um úrbætur

Á fundi skólamálanefndar 26. mars sl. kynntu höfundar skýrsluna fyrir nefndinni. Í kjölfarið óskaði stjórn SSH eftir því að nefndin tæki skýrsluna til frekari umræðu og legði mat á mögulegar tillögur og aðgerðir á grundvelli þess sem þar kemur fram. Skýrslan er mikilvægt vinnuþagg sem nauðsynlegt er að nýta markvisst til umbóta á starfsumhverfi í grunnskólum.

Í nálgun skólamálanefndar er lögð áhersla á þau verkefni sem sveitarfélögin geta unnið að í sameiningu innan SSH, m.a. með samræmingu verklags og sameiginlegum aðgerðum sem styðja við skóla þar sem álag er mest. Í niðurstöðum skýrslunnar eru settar fram fjölmargar ábendingar um úrbætur. Við flokkun þeirra er ljóst að hluti tillagna snýr að kjarasamningum og tengist virðismatsvegferð samningsaðila, en annar hluti fellur undir ábyrgð ríkisins og kallar á samtal við viðeigandi ráðuneyti. Sveitarfélögin þurfa jafnframt svigrúm til að vinna áfram með efni skýrslunnar og forgangsraða raunhæfum næstu skrefum.

Skýrslan fellur vel að áherslum í Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025–2029 undir málefnasviðinu Velferð og samfélag, með sérstakri áherslu á menntamál: að greina ástæður álags í skólakerfinu og móta úrbætur, styrkja jákvæða ímynd skólastarfs og efla samræmingu aðgerða milli sveitarfélaga. Í því samhengi er eðlilegt að horfa sérstaklega til þeirra tillagna sem snúa að (1) skýrari og samræmdari verkferlum vegna alvarlegra nemendamála, (2) markvissari forgangsörðun stuðnings frá skólaþjónustu, (3) einföldun á skriffinnsku og fundafargani og (4) hófstilltri innleiðingu þróunarverkefna.

Nefndin telur jafnframt mikilvægt að eiga áframhaldandi samtal við hagaðila um niðurstöður skýrslunnar, forgangsörðun úrbóta og hvaða leiðir eru bestar til að miðla góðum starfsháttum og lausnum sem reynast vel í skólum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Samantekt og forgangsöröðun tillagna um úrbætur

Hér er dregið saman það sem kemur fram í skýrslunni um líklegar leiðir til að draga úr álagi og bæta starfsumhverfi í grunnskólum. Forgangsöröðun er gerð með hliðsjón af (a) væntanlegum áhrifum á álag, (b) framkvæmdahraða og (c) því hvort úrræði krefjist fyrst og fremst skipulags/stjórnunarbreytinga eða fjármögnunar.

Tillaga (samantekt)	Af hverju skiptir þetta mestu?	Aðalábyrgð
Móta skýrari og samræmdari ferla/viðbrögð vegna nemenda í alvarlegum hegðunar-, ofbeldis- eða geðrænum vanda (þ.m.t. hvenær og hvernig grípa má inn í, hver tekur við, og hvernig vernda má náms- og starfsöryggi).	Skortur á úrræðum og óljós ferli er lýstur sem einn þyngsti álagsþátturinn; skýr ferli færa ábyrgð af einstökum kennurum og styðja stjórnendur í inngripum.	Ríki, sveitarfélög + skólapjónusta
Forgangsöröðun stuðnings frá skólapjónustu til þeirra skóla/árganga þar sem álag er mest, og tryggja handleiðslu/stuðning við stjórnendur þar.	Skýr munur er á álagi milli skóla; markviss forgangsöröðun stuðnings getur skilað hröðum ávinningi þar sem þörfin er brýnust.	Sveitarfélög (fræðsluyfirvöld/ skólapjónusta) + skólastjórnendur.
Fækka og hagræða fundum, skýrslugerð og annarri skriffinnsku; einfaldari framkvæmd á námsmati og skráningum þar sem unnt er.	Skriffinnska og fundafargan er endurtekið nefnt sem sérlega íþyngjandi og oft sem „viðráðanleg“ leið til að létta á álagi án þess að bíða eftir stórum kerfisbreytingum.	Skólar + sveitarfélög.
Gæta hófs í innleiðingu skólaþróunarverkefna og utanaðkomandi verkefna; setja skýr viðmið um fjölda samhliða verkefna.	„Of mikið ofan á“ kemur víða fram; minni fjöldi verkefna eykur líkur á gæðum og dregur úr kulnun. Sveitarfélög og skólastjórnendur þurfa að vanda valið á verkefnum og meta hvernig verkefnin nýtast í skólastarfinu.	Sveitarfélög + skólastjórnendur.
Fjölga fagfólki „inn á gólf“ (t.d. skólafélagsráðgjöfum,	Faglegur stuðningur dregur beint úr álagi í	Sveitarfélög (ráðningar/fjármögnun)

proskapjálfum, atferlis-/félagsráðgjöf, sálfræðipjónustu) og tryggja að sérfræðingar vinni meira með kennurum í daglegu starfi.	krefjandi málum, styrkir bekkjarstjórnun og minnkar álag á umsjónarkennara og almenna kennara.	+ menntakerfi/háskólar til lengri tíma.
Fjölga og þróa úrræði fyrir nemendur í miklum vanda (t.d. hegðunarver, námsver, sérdeildir/sérúrræði, farteymi/viðbragðs-teymi), þar með talið samstarf sveitarfélaga um sameiginleg úrræði.	Úrræðaleyfi er lýst sem lykilorsök þrúgandi álags; sértæk úrræði geta varið bæði nemendur og starfsfólk og stytt viðbragðstíma. Mikilvægt að fjölga úrræðum sem eru í boði.	Sveitarfélög (oft í samstarfi sín á milli) + ríki eftir eðli úrræðis.
Efla fræðslu og úrræði fyrir foreldra (foreldrafærni-námskeið, fræðsla fyrir foreldra með annað móðurmál en íslensku) og setja skýrari ramma um samskipti (t.d. sameiginleg viðmið/„foreldrasáttmáli“).	Krefjandi samskipti og aukið uppeldishlutverk skóla eru stór álagspáttur; fræðsla og skýr umgjörð getur dregið úr árekstrum og tímafrekum samskiptum.	Sveitarfélög + skólar (í samstarfi við foreldra).
Efling ráðgjafar um bekkjarstjórnun og markviss stuðningur við kennara sem glíma við erfiða hegðun (þjálfun, handleiðsla, úrræði og teymi sem styðja inngrip).	Hegðun nemenda er stærsti álagspátturinn í könnun; markviss fagleg aðstoð getur minnkað álag og aukið öryggi. Mikilvægt að skoða fjölgun lausna- eða farteyma með sérfræðinga innanborðs sem koma inn og styðja við inngrip.	Sveitarfélög/ skólapjónusta + skólar.
Styrkja og samræma kennslu og stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku (m.a. námsefni, verkfæri, móttaka og stuðningur).	Fjölgun nemenda með annað móðurmál en íslensku er nefnd sem stór breytingaorsök og álagspáttur; þarf bæði kerfis- og starfsháttabreytingar til að geta sinnt þessum hópi betur.	Ríki + sveitarfélög.
Efla námsgagnaútgáfu/námsefni (sérstaklega fyrir fjölbreytta hópa og unglingastig) og	Skortur á námsefni og mikil námsefnisgerð kennara er stór álagspáttur; lausn	Ríki (meginábyrgð) + sveitarfélög (þrýstingur/samræða).

þrýsta á um auknar fjárveitingar til málaflokksins.	krefst fyrst og fremst kerfislegra ákvarðana og fjármögnunar.	
---	---	--

Um helmingur ofangreindra tillagna kallar mögulega á viðbótar fjármagn á meðan aðrar tillögur eru framkvæmanlegar sem stjórnunar- og skipulagsákvarðanir innan sveitarfélaga/skóla.

Aðgerðir sem þegar eru hafnar

Tilfni þykir til þess að benda á nokkrar aðgerðir sem þegar eru hafnar eða í eru undirbúningi sem koma til móts við þær áskoranir sem bent er á í skýrslunni og eru í takt við tillögur að úrbótum.

Fyrst ber að nefna *Púlsinn*, nýtt bráða- og viðbragðsteymi gegn ofbeldi meðal barna á höfuðborgarsvæðinu. Teymið tók formlega til starfa 17. apríl sl. en það er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Barna- og fjölskyldustofu en mennta- og barnamálaráðuneytið veittu myndarlegan styrk þannig að stofnun teymisins og rekstur þess væri möguleg. Starfsfólk Púlsins grípur inn í og styður m.a. við skólana þegar upp kemur ofbeldi meðal barna. Þegar reynsla hefur fengist á vinnu teymisins skapast gott tækifæri fyrir sveitarfélögin til að móta fyrirmyndarverklag fyrir grunnskóla þegar kemur að hegðunar- og ofbeldisvanda nemenda í samvinnu við teymið.

Varðandi forgangsöröðun stuðnings frá skólaþjónustu til skóla þar sem álag er mest má nefna verkfæri sem Reykjavíkurborg hefur útbúið að kanadískri fyrirmynd og nýtt sér og er tilbúið að deila með öðrum sveitarfélögum, LOI-stuðullinn, Learning Opportunity Index, sem fleiri sveitarfélög gætu mögulega nýtt sér. **LOI** er stuðull sem metur félagslegt bakland nemenda í hverjum skóla. Stuðullinn byggir á áreiðanlegum, hlutlausum og stöðugum gögnum um fjölskyldur nemenda og á að endurspegla þær aðstæður sem geta haft áhrif á tækifæri barna til náms. Markmiðið er að úthlutun fjármagns taki mið af raunverulegri þörf og að skólar í viðkvæmari samfélögum fái aukið svigrúm til að styðja nemendur.

Í tengslum við þörfina á því að úrræðum fyrir nemendum í miklum vanda verði fjölgað er vert að taka fram að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hafa unnið að fýsileikagreiningu þess að þau vinni saman að fjölgun sérskóla í samvinnu við ríkið, bæði langtímaúrræða og skammtímaúrræða. Sveitarfélögin stefna á að undirrita sameiginlega viljayfirlýsingu þess efnis að stofna til formlegs samstarfs um uppbyggingu sérskóla og annarra úrræða sem styður sérstaklega við þennan hóp nemenda. Samvinnan mun byggja á sameiginlegri framtíðarsýn þessara sveitarfélaga.

Þá snýr ein af tillögunum að því að efla þurfi fræðslu og úrræði fyrir foreldra. Í því samhengi er vert að minnast á vinnu farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins. Ein af megináherslum ráðsins er að efla foreldrafræðslu og tengsl á milli foreldra og skóla með sameiginlegum aðgerðum. Vinna við aðgerðir er að hefjast um þessar mundir.

Varðandi þörfina á því að styrkja og samræma stuðning og kennslu við nemendur með annað móðurmál en íslensku má nefna MEMM/MML, þróunarverkefni MMS, sem nýlega hefur gefið út nokkuð umfangsmikla verkfærakistu, fræðslu og ráð varðandi menntun og móttöku barna með annað móðurmál en íslensku. Þetta er nýtt og má binda vonir við að sveitarfélögin geti stutt skólana í að nýta sér þetta. Efni MEMM býður upp á tækifæri fyrir sveitarfélögin til að samræma viðmið um menntun og móttöku. Skólamálanefnd hefur skilað SSH umsögn um áfangaskýrsluna: **Móttaka barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn**, dags. nóv. 2025, en horfa þarf til tillagna þar í þessu samhengi.

Næstu skref

Sveitarfélögin eru hvött til að fara sameiginlega yfir hvaða aðgerðir er unnt að ráðast í til skemmri og lengri tíma, og skilgreina sérstaklega þau verkefni sem henta til samstarfs innan SSH (t.d. samræmdir verkferlar, sameiginlegur stuðningur/ráðgjöf og miðlun lausna milli skóla). Jafnframt er mikilvægt að greina hvaða atriði kalla á samtal við ríkið og hvaða atriði er eðlilegt að koma á framfæri við hagaðila í tengslum við kjarasamninga, m.a. sem innlegg í virðismatsvegferðina.

Skýrsluhöfundar þurfa jafnframt að fá tækifæri til að kynna niðurstöður fyrir þeim sem tóku þátt í rannsókninni og fyrir nefndum og ráðum sveitarfélaganna sem bera ábyrgð á skólamálum.

Kynningar

Maí til júní: Kynningar fyrir sveitarfélög innan SSH, hagaðila innan sveitarfélaganna (t.d. nefndir og ráð), þátttakendur í rannsókn, o.fl.

Lok maí: Kynning fyrir aðra hagaðila.